
DV Sviðsljós



Þau sjá um að allir skemmti sér vel. Guðlaugur Magnússon veitingastjóri með skemmtanastjórunum Ástý Ástráðsdóttur, t.h., og Laufeyju Johansen.

# Stemning í Casablanca

Góð stemning ríkti í Casablanca þegar Sviðsljósið kom þar við um síðustu helgi. Staðurinn hefur skipað fastan sess í skemmtanalíf fólks á aldrinum 20–35 ára og gildir þá einu hvort um er að ræða föstudags- eða laugardagskvöld. Alltaf er vel mætt.

Á föstudögum eru ávallt uppákomur eða kynningar í gangi en á laugardögum fá gestirnir að hafa dansgólfið algjörlega út af fyrir sig. Nýr yfirplötusnúður hefur tekið til starfa en hann heitir Arnold Bryan Cruz, kallaður ABC.

Þegar DV var á ferð var ein af áðurnefndu uppákomum í gangi. Þeir Arnór og Ingó, sem kalla sig Blues brothers, voru mættir á staðinn í klæðnaði eins og sjá má í ameríska ruðningsboltanum. Strákarnir tóku létta syrpu á dansgólfinu og voru undirtekir gestanna með ágætum.



Það var glatt á hjalla hjá þessum dömum en þær heita, t.f.v., Ingibjörg Sigurðardóttir, Urikka Sjöberg, María Sigurgeirsdóttir og María Auður Steingrímsdóttir. DV-myndir Hanna

# Blý og timbur á Kjarvalsstöðum

Rúrí opnaði myndlistarsýningu í austursal Kjarvalsstaða um síðustu helgi. Sýningin heitir Afstæði og er 16. einkasýning hennar. Flest verkanna eru unnin í blý og timbur og hafa ekki verið sýnd opinberlega áður.

Aðsókn fyrstu helgina var mjög góð. Sýningin er opin daglega frá klukkan 10 til 18 en henni lýkur 20. apríl næstkomandi.



Rúrí og Jón Guðmundsson myndlistarmaður ræða lífið og listina.



Þau voru að sjálfsögðu mætt og virtust hæstánægð. Frá vinstri: Oddný Stefánsdóttir, Ragnar Sigurjónsson og Matthías Matthíasson. DV-myndir Hanna


LAUGARÁS BÍÓ
SÍMI 32075

Sérverð kr. 300,- alla þriðjudaga á allar myndir

60 ára og eldri kr. 300,- á allar sýningar alla daga

Alla daga kl. 5 og 7



TILBOÐ VIKUNNAR

MS HÁTÍÐARRJÓMAÍS 2 TEGUNDIR
399,- 1 l ÁÐUR 595,-

LIBBY'S BLANDAÐIR ÁVEXTIR
59,- ½ DÓS ÁÐUR 89,-

BONDUELLE GRÆNAR BAUNIR
39,- pr. 400 g ÁÐUR 55,-

SS LAMBALÆRI RAUÐVÍNSLEGIÐ
799,- pr. kg ÁÐUR 1.059,-

ÚRVALS JARÐARBER FERSK
99,-

HAGKAUP
- allt í einni ferð